

Viðauki II



**Athugasemdir úr innanlandssamráði og andsvör
Mílu**

**Kostnaðargreining á heildsöluverðum
koparheimtauga**

3. maí 2023

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	3
2	Athugasemdir Símans.....	4
3	Athugasemdir Sýnar	10
4	Svör Mílu.....	11

1 Inngangur

- (1) Frumdrög að ákvörðun Fjarskiptastofu (FST) um heildsölugjaldskrá fyrir aðgang að koparheimtaugum og tengigrindum fór í innanlandssamráð sem stóð frá 10. janúar til 9. febrúar 2023.
- (2) Athugasemdir bárust frá Símanum hf. (Síminn) og Sýn hf. (Sýn). FST sendi athugasemdirnar til umsagnar hjá Mílu. Athugasemdir Símans og Sýnar í heild sinni fylgja hér á eftir. Þá eru svör Mílu við athugasemdunum birt í kafla 4.
- (3) Í Viðauka III er síðan að finna samantekt FST á helstu sjónarmiðum Símans og Sýnar ásamt svörum Mílu og afstöðu FST.

2 Athugasemdir Símans



Reykjavík, 9. febrúar 2023

Fjarskiptastofa
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Varðar: Samráð vegna verðhækkunar koparheimtauga

1. Inngangur

Vísað er til fréttar á heimasíðu Fjarskiptastofu (hér eftir „FST“), dags. 10. janúar 2023, þar sem FST kallaði eftir samráði um verðhækkun fyrir aðgang að koparheimtaugum. Veittur var frestur til 9. febrúar 2023 til þess að skila athugasemdum. Hér eftir eru athugasemdir Símans hf. (hér eftir „Síminn“).

Í athugasemdum FST með fréttinni kemur fram að fyrirhugað sé að hækka verðskrá vegna koparheimtauga frá kr. 1.558 í kr. 1.978. Núgildandi verð vegna kopartenginga tók síðast breytingum 1. júní 2019, sbr. ákvörðun PFS nr. 8/2019 og er þannig um verðhækkun sem nemur 27%. Er þannig ljóst að FST telur eðlilegt að hækka verð í samræmi við vísitölu og þar af leiðandi *sambýkkt stefna FST að vísitölutengja verðskrár fyrirtækja undir kvöðum.*

Með ákvörðun nr. 8/2019 hækkaði verð á koparheimtaug um 11% en hafði áður verið ákveðið kr. 1.406 með ákvörðun nr. 5/2017 og tók gildi 1. júlí 2017.

2. Almennar athugasemdir Símans

2.1. *Almennt um markmið fjarskiptalaga*

Síminn bendir á að aðgerðir fjarskiptayfirvalda verða að samræmast markmiðum fjarskiptalaga. Í 2. gr. laganna er mælt fyrir um markmið laganna:

„Markmið laga þessara er að tryggja aðgengileg, greið, hagkvæm, skilvirk og örugg fjarskipti hér á landi. Enn fremur er markmið þeirra að auka vernd og valmöguleika neytenda og stuðla að virkri samkeppni, hagkvæmum fjárfestingum og nýsköpun á fjarskiptamarkaði.

Íslenska ríkið skal stuðla að því, eftir því sem unnt er, að öllum landsmönnum og fyrirtækjum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu og háhraðanetum, þ.m.t. föstum og þráðlausum netum, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.”

Eins og greina má þá eru markmið fjarskiptalaga nokkuð víðtæk en meginmarkmiðið er að stuðla að hagkvæmum fjarskiptum og virkri samkeppni.

2.2. Um heimild til verðskrárhækkunar

Um heimild FST til þess að hlutast til um verðskrá Milu má vísa til ákvörðunar FST nr. 5/2021. Samkvæmt núgildandi fjarskiptalögum er heimild fyrir kvöðinni að finna í 52. gr. laganna en þar segir:

„Þegar markaðsgreining gefur til kynna að skortur á virkri samkeppni hafi í för með sér að fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk geti viðhaldið óhóflega háum gjöldum eða geti beitt verðþrýstingi endanotendum til tjóns getur Fjarskiptastofa lagt kvaðir á fjarskiptafyrirtæki varðandi endurheimt kostnaðar og eftirlit með gjaldskrá, svo sem kvaðir um kostnaðarviðmiðun gjaldskrár og kvaðir um kostnaðarbókhald á ákveðnum tequndum samtengingar eða aðgangs.

Við ákvarðanir samkvæmt ákvæði þessu skal taka tillit til þarfarinnar á því að stuðla að samkeppni og þeim langtímahagsmunum endanotenda sem tengjast útbreiðslu nýrra fjarskiptaneta, sér í lagi afkastamikilla háhraðaneta. Taka skal tillit til og hvetja til fjárfestinga. Gera skal ráð fyrir hæfilegri arðsemi af fjárfestingum að teknu tilliti til áhættu. Enn fremur skal taka mið af hagræði af fyrirsjáanlegu og stöðugu heildsöluverði.

Taka skal til athugunar hvort hægt er að sleppa kvöðum samkvæmt ákvæði þessu ef samkeppnisþrýstingur er þegar til staðar varðandi smásöluverð og kvaðir um gagnsæi, jafnræði, bókhaldslegan aðskilnað og aðgang, sér í lagi hvers kyns efnahagslegt hermipróf sem beitt er skv. 50. gr., tryggja skilvirkan aðgang án mismununar.

Aðferðir við endurheimt kostnaðar eða aðferðafræði við verðlagningu skulu stuðla að útbreiðslu nýrra og öflugri neta, skilvirkni og sjálfbærri samkeppni og vera til sem mestra hagsbóta fyrir endanotendur. Í þessu tilliti er heimilt að taka tillit til þess verðs sem er í boði á sambærilegum samkeppnismörkuðum.

Sönnunarbyrði fyrir því að gjöld byggist á raunverulegum kostnaði, þ.m.t. sanngjörnum hagnaðarhlut af fjárfestingu, hvílir á hlutaðeigandi fyrirtæki. Fjarskiptastofa getur krafist fyrirtæki um fullan rökstuðning fyrir verði sínu og krafist þess að verðið sé leiðrétt þegar það á við. Stofnunin getur jafnframt krafist þess að fjarskiptafyrirtæki geri kostnaðarlíkan til útreiknings á verði. Fjarskiptastofa getur við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst rekin af hagkvæmni og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins.

Ef kvöð felur í sér gerð kostnaðarbókhaldskerfis skal tryggja opinn aðgang að lýsingu á kostnaðarbókhaldskerfinu þar sem fram koma a.m.k. helstu flokkar kostnaðar og reglur sem notaðar eru við skiptingu kostnaðar. Óháður þar til bær aðili skal sannreyna að farið sé að reglum um kostnaðarbókhaldskerfið og árlega skal birta yfirlýsingu um hvort farið er eftir reglunum.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um útfærslu bókhaldslegs aðskilnaðar í rekstri fjarskiptafyrirtækja skv. 51. gr., þ.m.t. skiptingu eftir netum og þjónustu, og um nánara fyrirkomulag kostnaðargreiningar samkvæmt þessari

grein, m.a. um aðferðir við eignamat, afskriftir, ávöxtunarkröfu og gerð kostnaðarlíkana.”

Í ákvæðinu komafram nokkur lykilatriði, eins og stöðugt heildsöluverð, hagræðing og að verðlagning skuli stuðla að útbreiðslu nýrra og öflugri neta. Taka skuli tillit til og hvetja til fjárfestinga.

Síminn telur að það sé vafasamt að kostnaður við rekstur koparheimtauga hafi vaxið um 27% frá árinu 2019.

3. Um verðskrárhækkunina

FST vísar til þess að stofnunin heimili verðhækkun Mílu á kopar á þeim grundvelli að Míla sé með kvöð um umtalsverðan markaðsstyrk, sbr. ákvörðun nr. 5/2021. Umrædd ákvörðun var felld úr gildi að hluta til.

Í frétt FST segir „Um er að ræða 27% hækkun frá núverandi gjaldskrá fyrir mánaðargjöld, sem tók gildi 1. júní 2019. Að mati FST er þessi hækkun, þótt að hún sé töluverð, í eðlilegu samhengi við vísitöluhækkunir frá síðustu kostnaðargreiningu.“ Síminn telur gagnlegt að rífa upp að 1. júlí 2017 var verð á koparheimtaug kr. 1.406 og var hækkað upp í kr. 1.558 þann 1. júní 2019.

Dags.	Verð koparheimtaugar	Vísitala neysluverðs	Byggingarvísitala
1. júlí 2017	1.406 kr.	442,9	132,6
1. júní 2019	1.558 kr.	469,8	146,1
Ódagsett 2023	1.978 kr.	569,4 (janúar 23)	180 (janúar 22)

Verðhækkunin árið 2019 fól í sér 11% verðhækkun en á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 6% en byggingarvísitalan um 10%. Í báðum tilfellum var þannig verðhækkunin *umfram* vísitöluhækkunir.

Núna er fyrirhuguð verðhækkun upp á 27% en frá 1. júní 2019 til desember 2022 hefur á sama tíma vísitala neysluverðs hækkað um 21% og byggingarvísitalan hækkað um 23%, m.v. vísitöluna í desember 2022. Það er ljóst að fyrirhuguð verðhækkun er þannig aftur umfram vísitölu og talsvert hærri en árið 2019. Frá 2017 hefur koparverð hækkað um 41%, m.t.t. þess verðs sem FST hefur samþykkt, fyrir þjónustu sem byggir á fjárfestingum sem eru að miklu leyti afskrifaðar og þjónustu sem stefnt er að loka á næstu árum. Að mati Símans er ákveðin þversögn fólgin í því að notast við vísitölu byggingarkostnaðar vegna kopartenginga sem hafa ekki verið lagðar á Íslandi í fjölda ára en stefnt er að lokun á koparkerfinu á næstu 2-3 árum.

Til samanburðar má benda á að verðlagning vegna ljósheimtauga hefur hækkað um 23% hjá Ljósleiðaranum, 18% hjá Mílu og 15% hjá Tengi svo dæmi sé tekið.

4. Yfirfærsla á ljósleiðara

Eins og staðan á landinu er í dag, þá er fjöldi heimila með möguleika á ljósleiðara um eða yfir 90% en Síminn hefur ekki nákvæmar tölur. Um 70% heimila hefur þegar skipt yfir í ljósleiðara og þannig er ljóst að það hefur ekki verið dráttur á yfirfærslu.

Það væri eðlilegt í þeim tilfellum sem fjarskiptafyrirtækin vanrækja að færa tengingar frá kopar yfir á ljósleiðara að verðlagning kopars yrði hækkuð verulega til þess að stuðla að hraðari útskiptingu. Ef vettvangsþjónusta viðkomandi innviðafyrirtækis getur hins vegar ekki sinnt eftirspurn, þá er óeðlilegt að það sé verið að hækka verð kopartenginga.

Það eru engar vísbendingar um að verðlagning á kopar í dag sé að hafa áhrif á útskiptingu yfir í ljósleiðara, stærsta málið snýr að mannafla til þess að sinna eftirspurninni og síðan aðgengi að íbúðum neytenda, sem þurfa að veita aðgang að heimili sínu á vinnutíma sem getur verið áskorun. Að svo stöddu er engin ástæða til þess að hækka verð á kopar fyrr en eftirspurn eftir ljósleiðara dregst saman þannig að mannafla við útskiptingu er nýttur með óhagkvæmum hætti.

Það er mat Símans að það væri mikill hvati hjá innviðafyrirtækjum að ráða öflugt vettvangsteymi til þess að hraða útskiptingu á kopar yfir í ljósleiðara ef koparverðinu er haldið í lágmarki. Við slíkar kringumstæðum hagnast innviðafyrirtækið umtalsvert meira við að hraða ferlinu þar sem meiri munur er á verði ljósleiðara heldur en kopar. Ef verðlagning er of lík, dregur það úr hvatanum.

Ennfremur er mikilvægt að hafa í huga að á ákveðnum stöðum er kopar eini valkosturinn og þar væri skynsamlegt að hafa verð kopars í lágmarki sem myndi leiða til þess að hvati sé til þess að fjárfesta í ljósleiðara og þannig geta selt dýrari og betri tengingar. Þegar ljósleiðarinn er síðan lagður, þá væri hægt að hækka verð kopars verulega til þess að flýta fyrir upptöku og nýtingu á hagkvæmari og betri tengingum. Að hækka verð kopars áður en ljósleiðarafjárfestingin hefur átt sér stað er að mati Símans óskynsamleg nálgun og leiðir til rangra hvata.

Síminn bendir á að FST heldur því fram að það sé eðlilegt að hækka koparheimtaug um 27% vegna þess að of lágt verð dragi úr hvata til upptöku á ljósleiðara. Þarna virðist mikill misskilningur eiga sér stað hjá FST um raunverulega upptöku ljósleiðara á Íslandi.

Staðreyndin er sú að öll fjarskiptafyrirtæki hafa mikla hvata til þess að færa viðskiptavinum sína á ljósleiðara frá kopar m. v. núverandi verð og bendir Síminn á að nú þegar eru 90% heimila með aðgang að kopar og um 70% heimila voru þegar með virka ljósleiðara. Eftir stendur mengi sem er undir 10% heimila sem eru þá með aðgang að kopartengingum eingöngu.

Það sem snýr að Símanum, þá hefur félagið mikinn hag að því að færa viðskiptavinum sína frá kopar yfir á ljósleiðara þar sem það er mögulegt. Stærsti flöskuhálsinn er að fá tengingar frá innviðafyrirtækjum sem hafa einfaldlega ekki mannskap til þess að anna eftirspurninni og að sum heimili eiga oft á tíðum erfitt með að mæta á vinnutíma til þess að hleypa starfsfólki vettvangsþjónustu inn til þess að klára tenginguna. Það væri því fráleitt að hækka verð á kopar og þannig búa til hvata til þess að hægja á fjárfestingum í ljósleiðara eða vinna hægar að upptöku.

Þá vill Síminn nefna að það þurfi að gera grein fyrir því hvort kostnaðargreiningin taki mið af því að umtalsverðum hluta koparkerfisins hefur verið lokað í reynd í þeim tilfellum sem ljósleiðari hefur verið lagður og kominn í notkun. Endurmat á stofnverði slíkra tenginga ætti ekki að vera hluti af kostnaðargreiningu, enda þjónusta sem er lokað í reynd og verður ekki seld eða nýtt. Er óljóst hvernig þetta hefur áhrif á greininguna og þarf að gera grein fyrir.

5. Niðurfelling stofngjalda þýðingarlaus

Síminn fær ekki séð í fljótu bragði hvaða þýðingu það hefur að fella niður stofngjöld sem leiðir til þess að mánaðargjald vegna leigu heimtaugar verður 31 kr. hærra. Síminn vekur hér athygli á því að kostnaður við stofngjöld á þjónustu sem er í yfirlýstu lokunarferli ætti ekki að vera fyrir hendi. Þess í stað ætti einfaldlega að loka fyrir nýskráningar vegna koparheimtaugar þar sem ljósleiðari frá Milu er í boði eða ljósleiðari frá birgja sem Míla býður ljósleiðara yfir. Með þeim hætti væri líklega verið að spara stofnkostnað.

6. Tillaga Símans

Síminn leggur til að í þeim tilgangi að auka hvata til þess að ljósleiðari verði lagður í þéttbýli og að sama skapi hvetja til upptöku ljósleiðara og þar með lokun koparkerfis leggur Síminn til eftirfarandi tillögu:

- a) Milu verði heimilt með tveggja mánaða tilkynningarfresti að hækka verð á koparheimtaugum þar sem annað ljósleiðarafyrirtæki hefur lagt ljósleiðara og Míla hefur ekki möguleika á því að bjóða upp á ljósleiðaratengingu.
- b) Milu verði heimilt að hækka verð á koparheimtaugum þar sem Míla hefur lagt ljósleiðaraheimtaugar og viðkomandi fjarskiptafyrirtæki hefur ekki óskað eftir flutningi yfir á ljósheimtaugar innan tveggja mánaða frá tilkynningu um verðhækkun.
- c) Milu verði ekki heimilað að hækka verð á koparheimtaugum þar sem enginn ljósleiðaraheimtaug er fyrir hendi en verður gert heimilt að hækka verð á kopar þegar Míla hefur lagt ljósleiðara og viðkomandi fjarskiptafyrirtæki hefur ekki skuldbundið sig til þess að færa alla sína viðskiptavini yfir á ljósheimtaugar innan 12 mánaða frá þeim tíma sem ljósheimtaugar Milu voru komnar í virka sölu.

Síminn telur að framangreindar tillögur ætti að skoða vandlega. Með tillögunni er brugðist við aðstæðum þar sem vanræksla smásöluaðila að skipta ljósleiðara fyrir kopar dregur úr getu Milu til þess að hagræða með lokun á kopar. a

Enn fremur gefur þetta Milu tilefni til þess að haga vettvangsþjónustu með skilvirkari hætti og færa viðskiptavini með kopar yfir á ljósleiðara eins hratt og kostur er, og á sama tíma leggja ákveðinn þunga á fjarskiptafyrirtæki að færa viðskiptavini yfir á ljósleiðara ella greiða hærra verð fyrir tengingu.

Hins vegar þarf að taka tillit til þeirra staða þar sem ljósleiðarafjárfestingar hafa ekki enn verið ákveðnar, þó með þeim hætti að fjarskiptafyrirtæki skipti strax yfir á ljósleiðara ella sætta sig við hærra koparverð. Þetta hvetur til fjárfestinga hjá Milu þar sem félagið getur mögulega fyrr fengið hærri tekjur af ljósleiðarafjárfestingum.

7. Lokaorð

Síminn telur að núverandi tillaga Milu/FST sé á þessum tímapunkti ótímabær, einkum þar sem engin þörf er á því að hækka verð á kopar til þess að hraða yfirfærslu á ljósleiðara. Það er hægt að huga að skilvirkari leiðum til þess að hvetja til fjárfestinga í ljósleiðara annars vegar og útskiptingu á kopar hins vegar.

Síminn vonast til þess að tekið verði tillit til athugasemda félagsins.

Virðingarfyllt,
f.h. Símans hf.

Eiríkur Hauksson, yfirlögfræðingur

3 Athugasemdir Sýnar

Vegna samráði um endurskoðun gjaldskrár Mílu fyrir aðgang að koparheimtaugum

Sýn hf. mótmælir harðlega fyrirhugaðri hækkun Mílu á gjaldskrá fyrir aðgengi að koparheimtaugum. Það vekur undrun að koparheimtauga-kerfi Mílu, sem stendur til að fasa út á næstu árum, taki á sig svo gífurlega kostnaðarhækkun (27%), sérstaklega þar sem kerfið er í útfösun og fjárfesting í uppbyggingu kerfisins afar takmörkuð, jafnvel engin, á síðastliðnum árum. Því hefði mátt draga þá ályktun að kostnaður við rekstur kerfisins væri í algjöru lágmarki.

Varlega áætlað mun hækkunin skila Mílu auknum tekjum upp á 158 m.kr á ári ef miðað er við fjölda xDSL tenginga í lok árs 2022 skv. gögnum Fjarskiptastofu. Á 6 ára tímabili gæti þessi hækkun því skilað allt að milljarði í auknar tekjur, af kerfi sem ber lágmarksfjárfestingu, er að verða tæknilega úrelt og stendur til að leggja niður.

Samkvæmt töflu á blaðsíðu 14 úr skýrslu Mílu², sést greinilega að Míla hefur hætt nánast öllum fjárfestingum í uppbyggingu kerfisins árið 2021 en er samt sem áður að áætla verulega aukinn kostnað í rekstur kerfisins á næstu árum. Þetta er sérstakt ef horft er til þess að fjárfestingar í Koparheimtaugakerfi Mílu ná aftur til ársins 1994, eru í lágmarki á næstu árum og ættu að öllum líkindum að vera búnar að borga sig upp. Þá kemur fram á bls. 10 í sömu skýrslu að rekstrarkostnaður kerfisins hefur lækkað umtalsvert.

Hægt er að velta fyrir sér hvort að Hvalfjarðargöngin séu dæmi um opinbera framkvæmd sem líta megi til í sama samhengi og heimtaugakerfi Mílu. Fjárfesting frá árunum 1996 –1998 sem hefur nú löngu borgað sig upp og er nú nýtt almenningi að kostnaðarlausu.

Kaupár	Notendalínur	Ljósnet- kopar	Tæki og búnaður	Tengi- grindur	NMS	Samtals
2021	[...]					[...]
2020	[...]	[...]	[...]			[...]
2019	[...]	[...]	[...]			[...]
2018	[...]	[...]	[...]			[...]
2017	[...]	[...]	[...]			[...]
2016	[...]	[...]	[...]			[...]
2015	[...]	[...]	[...]			[...]
2014	[...]	[...]	[...]			[...]
2013	[...]	[...]	[...]			[...]
2012	[...]	[...]	[...]	[...]		[...]
2011	[...]	[...]	[...]	[...]		[...]
2010	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2009	[...]		[...]	[...]	[...]	[...]
2008	[...]		[...]	[...]	[...]	[...]
2007	[...]		[...]	[...]	[...]	[...]
2006	[...]		[...]	[...]	[...]	[...]
2005	[...]		[...]	[...]	[...]	[...]
2004	[...]			[...]	[...]	[...]
2003	[...]			[...]	[...]	[...]
2002	[...]			[...]	[...]	[...]
2001	[...]			[...]	[...]	[...]
2000	[...]				[...]	[...]
1999	[...]				[...]	[...]
1998	[...]				[...]	[...]
1997	[...]				[...]	[...]
1996	[...]				[...]	[...]
1995	[...]				[...]	[...]
1994	[...]				[...]	[...]

4 Svör Mílu



Reykjavík, 20. febrúar 2023

Fjarskiptastofa
Vt. Hulda Ástþórsdóttir
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Sent rafrænt

Varðar: Samráð um endurskoðun gjaldskrár Mílu hf. fyrir aðgang að koparheimtaugum – svör við framkomnum athugasemdum

Inngangur

1. Vísað er til ofangreinds máls Fjarskiptastofu („FST“) vegna kostnaðargreiningar Mílu hf. („Míla“) á heildsölugjaldskrá fyrir aðgang að koparheimtaugum og tengigrindum. Þær vörur sem umrædd verðskrá Mílu nær yfir tilheyra heildsölumarkaði fyrir staðaraðgang með fasttengingu sem er markaður nr. 3a samkvæmt tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá árinu 2016.
2. Samkvæmt 52. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022 getur FST við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmt rekin. Þá segir að gera skal ráð fyrir hæfilegri arðsemi. Er jafnframt tilgreint að við gjaldskrárákvarðanir „skuli taka mið af hagræði af fyrirsjáanlegu og stöðugu heildsöluverði“. Þá skulu aðferðir við endurheimt kostnaðar eða aðferðafræði við verðlagningu stuðla að útbreiðslu nýrra og öflugri neta, skilvirkni og sjálfbærri samkeppni og vera til sem mestra hagsbóta fyrir endanotendur. FST leggur enn fremur almennt til grundvallar að fyrri úrlausnir stofnunarinnar séu fordæmisgefandi varðandi stjórmsýsluframkvæmd FST, enda sé um að ræða framkvæmd og túlkun á samsvarandi ákvæðum fjarskiptalaga.
3. Samkvæmt fyrirbyggjandi drögum að ákvörðun („ákvörðunardrögin“) hyggst FST samþykkja kostnaðargreiningu Mílu með þeim breytingum sem gerðar voru við meðferð greiningarinnar hjá stofnuninni. Ákvörðunardrögin byggja á ákvörðun FST nr. 5/2021 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir staðaraðgang með fasttengingu (markaður 3a) og miðlægan aðgang með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur (markaður 3b). Samkvæmt niðurstöðu í kostnaðargreiningu Mílu sem FST hyggst samþykkja mun gjald fyrir aðgang að koparheimtaugum verða 1.978 kr. á mánuði án vsk. og 1.553 kr. án vsk. á mánuði fyrir hverja 100 línu tengihausa í tengigrind. Þá falla niður stofngjöld vegna koparheimtauga. Um er að ræða 27% hækkun frá núverandi gjaldskrá fyrir mánaðargjöld, sem tók gildi 1. júní 2019.
4. Í köflum 5.2 – 5.9 í ákvörðunardrögum gefur að líta *forsendur og niðurstöður* FST varðandi kostnaðargreininguna, þ. á m. þá *þætti* sem horft er sérstaklega til, þ.e.: vegið

meðaltal fjármagnskostnaðar, rekstrarkostnaður, fjárfestingarkostnaður, stofn- og aðgangsgjöld, aðgangur að tengigrindum, línufjöldi og útreikningur leiguverðs. Niðurstaðan er svo dregin saman í kafla 5.9.4, þ. á m. með svofelldum rökstuðningi:

122) Meginforsendur uppfærðs kostnaðarlíkans Mílu eru eftirfarandi:

- *Rekstrarkostnaður er grundvallaður á bókfærðum kostnaði ársins 2021.*
- *Fjárfestingar árána 2003 til 2021 voru framreiknaðar með byggingarvístölu til meðalverðlags ársins 2021. Fjárfesting ársins 2022 er áætluð út frá raunfjárfestingu fyrstu níu mánuði ársins.*
- *Miðað var við fjölda línuígilda í desember 2021, sem voru [...], þegar hlutdeild fjárfestingar var reiknað en meðalfjöldi línuígilda árið 2021, sem var [...], þegar hlutdeild rekstrarkostnaðar er reiknað.*
- *Ávöxtunarkrafa fjármagns (WACC) fyrir árið 2021 er metin 5,16%.*

(123) Í samræmi við þær forsendur sem fjallað er um hér að framan er það niðurstaða FST að samþykkja að mánaðargjald fyrir aðgang að koparheimtaug skuli vera 1.978 kr. án vsk. eða hækkun um 27%. Aðgangur að tengigrind verður 1.553 kr./mán. fyrir hverjar 100 línur. Þá falla niður einskiptisgjöld vegna koparheimtauga.

(124) Þá samþykkir FST að stofngjöld verði felld niður og telur að breytingin á framsetningu gjaldskrár muni auka gagnsæi og einfalda gjaldskrána. Þetta hefur þau áhrif að mánaðargjald verður 31 kr. hærra en annars hefði verið þar sem stofngjöld koma ekki lengur til frádráttar á heildarkostnaði.

(125) Einingarkostnaður koparheimtaugar hefur hækkað töluvert á síðustu misserum. Rekja má hækkunina einkum til þess að nýting á koparkerfinu fer hratt minnkandi, hækkun aðfanga og launakostnaðar. Launavísitala hefur hækkað töluvert undanfarin ár og hefur það sérstaklega áhrif á rekstrarkostnað Mílu. Þá hefur byggingarvísitalan hækkað töluvert síðustu ár og þar sem heimtaugaverðin taka gildi á árinu 2023 ber að horfa til þess að hækkun byggingarvísitölu frá 2017 til 2022 er 28% sem er umfram þá hækkun á heimtaugaverði sem niðurstaða kostnaðarlíkansins skilar.

5. Í ákvörðunardrögunum er jafnframt rökstutt hvemig kostnaðargreiningin, þ. á m. aðferðafræðin sem stuðst er við, rímar við fyrri ákvarðanir FST ásamt því að rúmast innan þess verðbils sem skilgreint var í tilmælum framkvæmdastjórnar ESB um beitingu samræmdrar jafnræðiskvaðar og kostnaðargreiningaraðferða til að auka samkeppni og efla fjárfestingar í næstu kynslóðar aðgangsnætum. Að mati FST getur meðal annars of lágt mánaðarverð á koparheimtaugum verið til þess fallið að draga úr upptöku á ljósleiðaraheimtaugum og því ber að fylgjast með því ekki síður en að koma í veg fyrir óhóflega verðlagningu, eins og segir í ákvörðunardrögunum.

Athugasemdir Símans hf. og Sýnar hf.

6. Athugasemdir Símans hf. („Síminn“) hverfast einkum um að að hækkunin sé „umfram vísitölu“ ásamt því að gerð er athugasemd við að notast sé meðal annars við byggingarvísitölu í samhengi við kopartengingar, þ. á m. að virtu því að stefnt sé að lokun á koparkerfinu og að slíkar tengingar hafi ekki verið „lagðar á Íslandi í fjölda ára“. Síminn bendir einnig á að ljósleiðaratengingar hafi ekki hækkað jafn mikið. Sömuleiðis virðist sem Síminn telji að enginn skortur sé á upptöku, eða hvatningu til upptöku, á ljósleiðaraheimtaugum, heldur að „stærsta málið snýr að mannafla til þess að sinna

eftirspurninni og síðan aðgengi að íbúðum neytenda, sem þurfa að veita aðgang að heimili sínu á vinnutíma sem getur verið áskorun". Er í því samhengi spjótum beint að „innviðafyrirtækjunum“, þ. á m. Mílu. Telur Síminn að hækkun gjaldskrár fyrir kopartengingar búi „til hvata til þess að hægja á fjárfestingum í ljósleiðara eða vinna hægar að upptöku“. Síminn gerir jafnframt meðal annars athugasemdir við að horft sé á endumat á stofnverði kopartenginga og telur enn fremur niðurfellingu stofngjalda þýðingarlausu í „yfiryfustu lokunarferli“. Setur Síminn svo fram nánar tilgreindar tillögur sem er ætlað að „hvetja“ Mílu til „að haga vettvangsþjónustu með skilvirkari hætti og færa viðskiptavinum með kopar yfir á ljósleiðara eins hratt og kostur er“, og „á sama tíma leggja ákveðinn þunga á fjarskiptafyrirtæki að færa viðskiptavinum yfir á ljósleiðara ella greiða hærra verð fyrir tengingu“, sbr. nánar umsögn Símans.

7. Athugasemdir Sýnar hf. eru af svipuðum meiði, þótt þær séu ekki jafn fjölpættar.
8. Í tilefni framkominna athugasemda bendir Míla á eftirfarandi, en þess er reyndar að geta að mörgum þessara framkominna sjónamiða er raunar svarað í ákvörðunardrögunum og vísast einnig til þess sem þar greinir:
 - a. Tillögur Símans, fyrir utan flækjustigið í framkvæmd, fara gegn lögbundnum rétti Mílu til *hæfilegrar arðsemi* af vöru og þjónustu sinni. Er heldur ekki um hlutlægan og gagnsæjan mælikvarða að ræða, þ. á m. að við gjaldskrárákvarðanir „skuli taka mið af hagræði af *fyrirsjáanlegu og stöðugu heilidsöluverði*“. Hækki gjaldið ekki í samræmi við boðaðar breytingar kann slíkt að vera til þess fallið að letja, frekar en hvetja, endanotendur til að færa sig yfir í ljósleiðaratengingar þvert á markmið FST, Mílu sjálfrar og 52. gr. fjarskiptalaga.
 - b. Allar forsendur kostnaðargreiningarinnar, þ. á m. framreiknað *stofnverð* fjárfestinga í koparinnviðum í samhengi við líftíma fjárfestingar, eru málefnalegur grundvöllur við mat á hóflegri arðsemiskröfu og rúmast innan fyrir mæla 52. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022, ásamt því að gætt er viðhlítandi samræmis gagnvart fyrri stjórnvaldsákvörðunum FST. Í framangreindu samhengi er fullkomlega rökrétt og eðlilegt að líta til *byggingarvísitölu* til að framreikna fjárfestinguna en sú vísitala er talin endurspeglar best verðþróun þar sem stór hluti fjárfestingar liggur í jarðvegsvinnu og er vísitalan jafnframt viðurkenndur mælikvarði hér á landi við uppreikning kostnaðar.
 - c. Ekki er óeðlilegt að gjaldið hækki lítilllega umfram neysluverðs- og byggingarvísitölur frá 2017-2021. Hækkunin er meira að segja undir þróun byggingarvísitölu fram til 2022, eins og FST bendir á, auk þess sem *launavísitala*, sem er eðli máls samkvæmt stór og mikilvæg breyta, hefur hækkað markvert frá síðustu kostnaðargreiningu.
 - d. Hækkunin umfram verð á ljósleiðaratengingum skýrast einkum af *lægra nýtingarhlutfalli*. Koparheimatugum Mílu fækkaði um 20% á árinu 2021 og eins og sjá má í kostnaðargreiningunni fækkaði koparheimtaugum úr 120 þúsund í 47 þúsund frá árunum 2016 til 2021. Þessi fækkun er viðvarandi og hefur koparheimtaugunum fækkað um 12.000 á sl. ári. Tekjur af kopartengingum hafa á sama tíma farið og munu fara ört þverrandi.
 - e. Gæta verður einnig þeirrar staðreyndar að hvar ljósleiðaravæðingu er að fullu lokið í mjög fáum og jafnframt fámönnum sveitarfélögum hefur Míla, samhlíða



fækkun kopartenginga og um leið verri nýtni, *samtímis* neyðst til að halda úti viðtæku og kostnaðarsömu kerfi.

- f. *Engin fyrirstaða* er af hálfu Mílu, þ. á m. er *enginn skortur* á mannafla, til að flytja viðskiptavinum frá kopartengingum yfir á ljósleiðaratengingar. Míla stefnir hraðbyri að útfösun kopartenginga og vantar ekkert upp á hvatningu í þeim efnum. FST er þegar upplýst um þetta ásamt því að fyrir liggur að FST hefur boðað að óskað verði nákvæmra upplýsinga um fyrirætlanir Mílu í þessu tilliti.
- g. Horfa verður einnig til þeirrar staðreyndar að Míla er ekki í viðskiptasambandi við endanotendur, heldur eru það viðskiptavinir Mílu, fjarskiptafyrirtæki á smásölumarkaði. Athafnaleysi þeirra, eða hverjar aðrar þær ástæður sem kunna að búa að baki því að endanotendur hafa ekki í öllum tilvikum skipt yfir, getur eðli máls samkvæmt ekki staðið í vegi að Míla fái eðlilegt og lögbundið endurgjald/arðsemi fyrir kopartengingar sínar.
- h. Þá er rétt að benda á að verð fyrir koparheimtaugar verður enn, þrátt boðaða hækkun, töluvert lægra en verð fyrir koparheimtaugar. Það er heldur ekkert sem bendir til þess að fjarskiptafyrirtækin beini viðskiptum sínum frekar að kopar gagnert til að halda kostnaði niðri.

Niðurlag

- 9. Samkvæmt framangreindur telur Míla ekkert því til fyrirstöðu að FST taki umrædda ákvörðun um að samþykkja kostnaðargreiningu Mílu með þeim breytingum sem gerð hefur verið grein fyrir.
- 10. Áskilinn er réttur til að koma á framfæri frekari sjónarmiðum, rökum og upplýsingum gerist þess þörf.

Virðingarfyllst,
f.h. Mílu hf.

Inga Helga Halldórudóttir, yfirlögfræðingur

Sigrún Hallgrímsdóttir, fjármálastjóri